

Fundargerð 547

Fimmtudaginn 27. febrúar 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB) og María Hjálmarsdóttir (MaH). Oddný Árnadóttir boðaði forföll.

Auk þeirra sátu fundinn Arna G. Tryggvadóttir (AGT) löggiltur endurskoðandi, Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Gunnar Ragnarsson (GR) sérfræðingur frá KPMG, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrunn Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Rut Gunnarsdóttir (RG) sérfræðingur frá KPMG, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 14:30 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Ársreikningur Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Ársreikningur Byggðastofnunar 2024 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2024, endurskoðunarskýrsla 2024, skýrsla innri endurskoðunar vegna ársins 2024 og staðfestingabréf stjórnenda vegna ársreiknings.

MH og AME fóru yfir vinnu við ársreikninginn.

AGT, GR og RG tengdust fundinum.

GR og RG kynntu skýrslu innri endurskoðunar.

Til máls tóku ÓH og KB.

GR og RG viku af fundi.

MH kynnti helstu niðurstöður ársreiknings.

Afkoma ársins 2024 er jákvæð um 1.305 m.kr., eignir námu 30,1 ma.kr., skuldir námu 24,1 ma.kr. og eigið fé var 6,0 ma.kr. í árslok. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 23,17%

AGT kynnti vinnu ytri endurskoðanda og fór yfir skýrslu sína. Áritun endurskoðanda er með fyrirvara.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og MH.

AGT vék af fundi.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og MH.

Stjórn samþykkir ársreikning 2024 sem gefur glögga mynd af rekstri stofnunarinnar. Við endurskoðun setur endurskoðandi fyrirvara við afmarkaðan þátt sem varðar tekjufærslu

vegna afskriftarreiknings fyrir árið 2023, en það hefur ekki áhrif á efnahagsreikning stofnunarinnar í lok árs 2024.

Unnið er með endurskoðanda stofnunarinnar (PWC) og ráðgjöfum sem séð hafa um vinnslu gagna (KPMG) í að leiða þau atriði til lykta. Forstjóra falið að fá skýrslu frá endurskoðanda stofnunarinnar PWC um þetta sem lögð verði fyrir á í síðasta lagi á ársfundi.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 15:45.

Magnús Helgason, fundarritari

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir